



Fundargerð

254. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands haldinn þriðjudaginn 28. apríl 2026 kl. 13:00 að Austurvegi 65a, 800 Selfossi

Mætt: Guðrún S. Magnúsdóttir, Páll Tómasson (í fjarfundarbúnaði), Örn Friðriksson (í fjarfundarbúnaði), Fjóla St. Kristinsdóttir (í fjarfundarbúnaði), Kjartan Ólafsson, Oddur Árnason, og Sigrún Guðmundsdóttir sem skrifaði fundargerð.

Guðrún S. Magnúsdóttir formaður setur fund og býður fundarmenn velkomna. Gengið er til dagskrár.

1. Starfsleyfi, skráning, afturköllun og höfnun starfsleyfa, umsagnir, rekstraryfirlit

a. Starfsleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2604102HS	Starfsleyfi ný gististarfsemi	Siggi Kalla ehf.	800	27.04.2026
2604100HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Skeiða- og Gnúpverjahreppur – Vatsnveita úr Vörðufelli Skeiðum	804	27.04.2026
2604066HS	Starfsleyfi efnisvinnsla	Efnisvinnsla Vestmannaeyja ehf.	900	21.04.2026
2604075HS	Starfsleyfi ný starfsemi dreifing á áfengi og gosi	Laugó ehf.	840	21.04.2026
2604063HS	Starfsleyfi ný stöð á Geysi	N1 ehf.	806	21.04.2026
2604065HS	Starfsleyfi – Vaðalda – starfsmannabúðir	Landsvirkjun	851	21.04.2026
2604062HS	Starfsleyfi endurnýjun	Skyrheimar ehf.	800	21.04.2026
2604064HS	Starfsleyfi ný starfsemi	Stíflulosun Suðurlands ehf.	800	21.04.2026
2604061HS	Starfsleyfi endurnýjun	Askur – heimili í sveit ses.	800	21.04.2026
2604046HS	Starfsleyfi samkomusalur	Odasía ehf.	900	15.04.2026
2604043HS	Starfsleyfi endurnýjun	Skaftholt, sjálfseignarstofnun	805	15.04.2026
2604045HS	Starfsleyfi innflutningur áfengis	H.Á. ehf.	810	15.04.2026
2604033HS	Starfsleyfi breyting húsnæðis	Oddfellow, húsfélag	900	14.04.2026
2604021HS	Starfsleyfi bætt við gistingu	Mörtunga slf.	881	09.04.2026
2604020HS	Starfsleyfi Hótel Vík endurnýjun	E.Guðmundsson ehf.	870	09.04.2026
2604015HS	Starfsleyfi endurnýjun – einkavatnsból Sólheimum	Ragnheiður Hallgrímsdóttir	846	08.04.2026
2604004HS	Starfsleyfi Kjörísland, ísbúð	Afastræti ehf.	810	07.04.2026
2604006HS	Starfsleyfi, flutningur	EG11 ehf. Ísey skyrbar	900	07.04.2026
2604005HS	Starfsleyfi – kaffihús	MOHE ehf.	861	07.04.2026
2603172HS	Starfsleyfi nýtt gistileyfi	Vesturkot – rekstur ehf.	804	30.03.2026
2603175HS	Starfsleyfi, endurnýjun.	Olís ehf.- Hellu	850	30.03.2026
2603153HS	Starfsleyfi eigendaskipti	Lilja og co ehf. – Vatsnveita Efri-Víkur	881	26.03.2026



Ofangreind starfsleyfi eru samþykkt með fyrirvara um jákvæða úttekt heilbrigðisfulltrúa og jákvæða afgreiðslu viðkomandi skipulags- og byggingafulltrúa.

Í auglýsingu:

Eftirtalin starfsleyfisskilyrði í auglýsingu á heimasíðu Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, verða gefin út að auglýsingafresti loknum að því gefnu að ekki berist athugasemdir við útgáfuna.

Ef athugasemdir berast verður ákvörðun um útgáfu tekin á næsta fundi heilbrigðisnefndar.

Starfsleyfisauglýsingar vegna útgáfu starfsleyfa fyrir mengandi starfsemi sbr. reglugerð nr. 550/2019 til kynningar:

Stíflulosun Suðurlands kt. 4303140680, Hellismýri 14, 800 Selfoss, söfnunar og flutnings á seyru og úrgangi úr hreinsibúnaði sem tengist fráveitu. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 21. Maí 2026

- Veitur ohf. Kt. 5012131870, Bæjarhálsi 1, 110 Reykjavík vegna reksturs hitaveitu í Hveragerði. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 29. Apríl 2026

- Helgi Stefánsson kt. 2604453329, Fagralandi 12 800 Selfoss vegna efnistöku í námu E21 í Flóahreppi. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 20. Apríl 2026

- Landsvirkjun kt. 4202691299, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík vegna efnistöku úr efnistökusvæði E34 og millilagers á efnistökusvæði 65 í Rangárþingi ytra. [Sjá hér.](#)

Frestur til að gera athugasemdir er til og með 19. Apríl 2026

b. Skráning á eftirlitsskyldri starfsemi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2604072HS	Skráning, umsögn um skoteldasýningu, Lögreglustjórinn	ÍBV	900	21.04.2026
2604030HS	Skráning vegna flugeldasýningar	Hótel Rangá – Hallgerður ehf	851	13.04.2026
2604009HS	Skráning – endurnýjun	Vegagerðin Selfossi – Vík	800	07.04.2026
2603177HS	Skráning – niðurrif	Pálmatré ehf	800	31.03.2026
2603160HS	Skráning – endurnýjun	Bíliðjan ehf, verkstæði	815	27.03.2026
2603157HS	Skráning – endurnýjun	Þjótandi ehf.	851	27.03.2026

Staðfesting afgreiðslu

c. Tóbakssöluleyfi

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2604044HS	Tóbakssöluleyfi	Sólheimasetur ses.	805	15.04.2026

Staðfesting afgreiðslu



d. Afturköllun / höfnun starfsleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2603144HS	Starfsleyfi – jarðborun í landi Hjallakróks í Ölfusi – hafnað vegna lagabreytinga	North Tech Drilling ehf.	816	25.03.2026
2604069HS	Starfsleyfi hafnað vegna lagabreytinga Borun Heitavatnsholu fyrir Selfossveitur í Fosnesi	Ræktunarsamband Flóa & Skeiða ehf		21.4.2026
2604002HS	Afturköllun starfsleyfis – eigendaskipti	Ísey Skyr Bar ehf.	800	01.04.2026
2603162HS	Afturköllun starfsleyfis	Pitsugerðin	900	27.03.2026
2603154HS	Afturköllun starfsleyfis Meals on Wheels ehf. – The Hot Pot	Meals on Wheels ehf.	846	26.03.2026

Staðfesting afgreiðslu

e. Umsagnir til sýslumanna Vegna veitinga- og gistileyfa og tækifærisleyfa

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2604051HS	Rekstrarleyfi nýtt gistileyfi Bøðmódsstöðum 2	Hulda Karólína Harðardóttir	806	27.04.2026
2604051HS	Tólf tækifærisleyfi Landmannalaugum 2026	Fjallafang ehf.	851	27.04.2026
2604103HS	Tækifærisleyfi vegna áfengisveitinga	Prikið Live ehf. – tónleikar 20. Júní Þingvöllum	806	27.04.2026
2604098HS	Rekstrarleyfi – gistiheimili	Energo ehf.	805	27.04.2026
2604097HS	Rekstrarleyfi -minna gistiheimili Nordic Comfort Homes	Thales ehf.	851	27.04.2026
2604051HS	Rekstrarleyfi, umsögn vegna samkomusals	Odasia ehf. – Magnahúsið	900	16.04.2026
2604026HS	Rekstrarleyfi, umsögn breyting á veitingaleyfi	Oddfellow,húsfélag	900	13.04.2026
2604023HS	Rekstrarleyfi – Gisting – Amma Jóna Cottage	MOHE ehf.	861	09.04.2026
2604022HS	Rekstrarleyfi breyting á starfsemi	Hamar – Studio list sf.	861	09.04.2026
2604008HS	Rekstrarleyfi, umsögn	Ofanleiti gisting – H.Hjöll ehf.	900	07.04.2026
2604003HS	Rekstrarleyfi, umsögn	Ofanleiti gisting – H.Hjöll ehf.	900	01.04.2026
2603174HS	Rekstrarleyfi	Christine Mair	861	30.03.2026
2603165HS	Rekstrarleyfi Iceland inn	Iceland inn ehf.	804	27.03.2026
2603164HS	Rekstrarleyfi Huxum ehf	Huxum ehf	805	27.03.2026
2603163HS	Rekstrarleyfi Tröllhamar	Tröllhamar ehf	880	27.03.2026
2603158HS	Rekstrarleyfi – Vesturkot	Vesturkot – rekstur ehf.	804	27.03.2026
2604058HS	Tækifærisleyfi, umsögn um áfengisleyfi	Magnús Bragason – Hlaupaviðburður	900	20.04.2026
2604025HS	Tækifærisleyfi Björkvöld hestamannafélagsins Sleipnis.	Sleipnishöllin ehf. – Áætlaður gestafjöldi 80	800	09.04.2026
2604014HS	Tækifærisleyfi, tónlistarhátíðin Hljómey	Guðmundur Jóhann Árnason	900	08.04.2026
2603173HS	Tækifærisleyfi – Tónræktinni ehf um	Hveragerðisbær	810	30.03.2026



	tækifærisleyfi til áfengisveitinga vegna Árshátíðar Hveragerðisb.18.04.2026			
2603159HS	Tækifærisleyfi Andri Geir Jónsson	Rangárþing eystra	860	27.03.2026

Afgreiðsla staðfest

f. Umsagnir vegna skipulags- og umhverfismála
Skipulagsmál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki	Póstnr	Móttekið
2604107HS	Umsögn um deiliskipulag Grundarreitir – Heiðmörk 30-36, nr. 04812026	Skipulags- og byggingafulltrúi Hveragerðisbæjar	810	27.04.2026
2604083HS	Umsögn um Jörvík 1 – Deiliskipulagsbreyting , nr. 04652026	Skipulags- og byggingafulltrúi Svf. Árborgar	800	21.04.2026
2604082HS	Umsögn um Sigöldugljúfur dsk, nr. 04492026 Lýsing	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	21.04.2026
2604081HS	„Umsögn um deiliskipulagstillögu Aldamótaskógur dsk, nr. 04482026“	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	21.04.2026
2604080HS	Umsögn um Mosató 3 hótél L225133; Skógræktar- og landgræðslusvæði SL6 og reitur VP11; Leiðréttar stærðir og aukið byggingarmagn; Aðalskipulagsbreyting – 2601073, nr. 02522026 Kynning tillögu á vinnslustigi	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	21.04.2026
2604079HS	Umsögn um Syðri-Brú L168277; Úr frístundasvæði í verslun- og þjónustu; Aðalskipulagsbreyting – 2603066, nr. 04412026 Lýsing	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	21.04.2026
2604078HS	Umsögn um Ásgarður L168229, Breytt landnotkun; Frístundabyggð í landbúnaðarland; Deiliskipulagsbreyting – 2603034, nr. 04472026	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	21.04.2026
2604077HS	Umsögn um Bakkahverfi L236382 (Torfastaðir); Breytt staðsetning lóða og fækkun; Deiliskipulagsbreyting – 2507060, nr. 04452026	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	21.04.2026
2604035HS	Nr. 04162026 – Snæbýli, verslunar og þjónustusvæði – breyting á aðalskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	14.04.2026
2604034HS	Nr. 02552026 – Gráholt – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Skaftárhrepps	880	14.04.2026
2604032HS	Nr. 03042026 – Móbakki – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	14.04.2026
2604031HS	Nr. 04012026 – Tengivirki á Völlum – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Ölfus	815	14.04.2026
2604027HS	Nr. 03032026 – Sámsstaðabakki í Fljótshlíð – Nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings eystra	860	13.04.2026
2603169HS	Nr. 0370/2026 – Silfurtún L166897, íbúðarbyggð og breytt skilgreining lands- breyting á aðalskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	30.03.2026
2603168HS	Nr. 03692026 – Ægissíða 4, breyting á landnotkun – breyting á aðalskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi Rangárþings ytra	850	30.03.2026
2603167HS	Nr. 0745/2025 – Undir Skeri – nýtt deiliskipulag	Skipulags- og byggingafulltrúi Mýrdalshrepps	870	30.03.2026
2603166HS	Nr. 0360/2026 -Skálabrekka L170163, aðkomuvegur, vatnsból og gisting – breyting á deiliskipulagi	Skipulags- og byggingafulltrúi uppsveita Árnessýslu	840	30.03.2026

Lagt fram til kynningar/staðfestingar.



Umhverfismál

Málsnúmer	Heiti	Fyrirtæki / stofnun	Póstnr	Móttekið
2604076HS	Umsögn um Vatnslögn í Hrunamannahreppi, nr. 04402026 Tilkynning um framkvæmd	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	21.4.2026
2603171HS	Nr. 03802026 - Tungnaáreyrar, efnistaka - tilkynning um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	30.03.2026
2603170HS	Nr. 03782026 - Ferjufit, aukin efnistaka - tilkynning um framkvæmd til ákvörðunar um matsskyldu	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	30.03.2026
2603138HS	Nr. 2242026 - Endurvinnslustöð fyrir lífrænan úrgang í Þorlákshöfn - umsögn um tilkynningum um framkvæmd	Húsnæðis-, mannvirkja og skipulagsstofnun	105	24.03.2026

i) Rekstraryfirlit

Rekstraryfirlit dags. 21. apríl 2026 til kynningar. Jafnframt framlög aðildarsveitarfélaganna.

2. Úr eftirliti

a. Byggðasamlagið Oddi bs., Leikskólinn Heklukot

Ítrekun á frávikum í skýrslu vegna eftirlits vegna leiksvæðis Leikskólans Heklukots.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands áformar að veita áminningu þar sem ekki hefur verið brugðist við.

b. Seljalandsfoss ehf.

Sveitarfélagið hefur framlengt stöðuleyfi fyrir salernishús til 20. ágúst 2026 skv. skipulags- og bygginganefnd Rangárþings eystra. Tímabundið starfsleyfi verður veitt til sama tíma.

c. Tiltekt lóða í Vík - olíusöfnun

Ítrekaðar kvartanir hafa borist vegna olíusöfnunar og óviðunandi geymslu á olíu í plastbömbum á lóð við Víkurbraut 42 og á Víkurbraut 21a, 870 Vík og í Reynisbrekku, 871 Vík.

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hefur jafnframt ítrekað haft afskipti af söfnun þessari. Þann 21. mars 2024 var bókun gerð hjá Heilbrigðisnefnd Suðurlands þar sem lýst er áhyggjum af ástandinu út frá bæði mengunarsjónarmiðum sem og úr frá íkveikjuhættu með tilheyrandi áhættu fyrir nærliggjandi íbúa. Í tveimur bréfum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands dags. 13. júlí 2020 og 8. september 2020 var farið fram á „að nefnd starfsemi, þ.e. móttaka, söfnun og flutningur úrgangs og spilliefna, verði stöðvuð nú þegar...“ og einnig var farið fram á hreinsun lóðar að Reynisbrekku, 871 Vík. var veittur lokafrestur til til þess til 22. september 2020. Ekki hefur verið farið að kröfum þrátt fyrir ítrekanir.

Erindi barst frá Mýrdalshreppi þann 27. apríl sl., þar sem upplýst var að hluti olíunnar hefur verið flutt á lóð við Uxafótarlæk. Farið var þess á leit að aðstoð verði veitt til að fjarlægja olíuna. Lóðin hefur enn ekki verið deiliskipulögð og ekki hefur verið aflað tilskilinna leyfa til starfsemi á lóðinni.



Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands tekur undir erindi Mýrdalshrepps og lýsir stuðningi við að embættið beiti sér fyrir því að úrgangsolía sem flutt hefur verið á svæði við Uxafótarlæk verði fjarlægð án tafar. Lögð er áhersla á að meðferð og geymsla slíks úrgangs fari einungis fram að fengnum tilskildum leyfum og í samræmi við lög, reglur og kröfur eftirlitsaðila. Jafnframt því að láta fjarlægja olíuna sem enn er á lóð í Vík og Reynisbrekku, 871 Vík. Samþykkt samhljóða.

d. Tiltekt á lóð Tryggvagata 32, Selfossi

Bréf til kynningar

4. Aðsend erindi:

a. Hveragerði, fráveitumál, forhönnun og sýnatökuniðurstöður

Til kynningar

Bókun:

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fór yfir stöðu máls, nýjustu niðurstöður sýnatöku bera með sér að ástand mengunar hefur ekki batnað. Jafnframt móttæknar upplýsingar vegna forhönnunar fráveitumannvirkja í Hveragerði. Fram kemur að forhönnun endurbóta á skólphreinsistöð liggur fyrir, en fyrirkomulag útboðs og næstu skref eru enn til skoðunar hjá Hveragerðisbæ. Nefndin leggur áherslu á að málinu verði hraðað, enda er Varmá viðkvæmur viðtaki og núverandi hreinsun uppfyllir ekki þær kröfur sem gerðar eru til fráveitu. Nefndin óskar eftir uppfærðri tímaáætlun og upplýsingum um fyrirkomulag útboðs/framkvæmda.

b. Hrunalaug um flokkun baðstaðar í náttúrunni

Heilbrigðisnefnd hefur tekið upp til umfjöllunar flokkun Hrunalaugar í landi Áss í Hrunamannahreppi samkvæmt reglugerð nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni.

Bókun

Fyrir liggja upplýsingar um að Hrunalaug sé náttúruleg laug sem samanstendur af þremur laugum, þar sem jarðhitavatn rennur í gegnum laugarnar án hringrásar og án meðhöndlunar með sótthreinsiefnum, geislun eða öðrum sambærilegum hætti. Jafnframt liggur fyrir að rennsli vatns er verulega háð veðurfari, að gestafjöldi er takmarkaður með hliðsjón af vatnsrennsli og að staðnum er lokað þegar aðstæður leyfa ekki örugga og heilnæma notkun.

Nefndin telur að Hrunalaug falli undir skilgreiningu reglugerðarinnar á baðstað í náttúrunni, enda er um náttúruleg laug að ræða sem almenningi er heimilt að nýta til baða og vatn í laugunum er ómeðhöndlað. Til baðstaðarins telst jafnframt sú búnings-, salernis- og þjónustuaðstaða sem fyrir liggur á svæðinu.

Við mat á flokkun leggur nefndin sérstaka áherslu á eftirfarandi atriði:

- *Að rekstur Hrunalaugar er ekki stöðugur með sama hætti og á hefðbundnum baðstað, heldur ræðst að verulegu leyti af náttúrulegu rennsli og veðurfari.*



- *Að aðsókn og heimilaður gestafföldi er breytilegur eftir aðstæðum, m.a. með lægri gestaffjölda í þurrkatíð og lokun þegar laugin þornar upp.*
- *Að um er að ræða sögulegan og náttúrulegan baðstað þar sem framkvæmdir og rekstur þurfa að taka mið af verndun staðarins og skráningu hans sem fornminja.*
- *Að ekki er um að ræða baðstað þar sem reglubundinn rekstur og reglubundin aðsókn fer fram með sambærilegum hætti allt árið.*
- *Að staðurinn er engu að síður rekinn með aðgangsstýringu, þjónustuaðstöðu, eftirliti og takmörkunum á fjölda gesta.*

Með vísan til framangreinds, gagna málsins og 4. gr. reglugerðar nr. 460/2015 um baðstaði í náttúrunni, telur heilbrigðisnefnd að Hrunalaug skuli flokkuð sem baðstaður í náttúrunni í 2. flokki, enda sé þar um að ræða baðstað þar sem fram fer tilfallandi rekstur og aðsókn getur verið breytileg eftir árstíðum og náttúrulegum aðstæðum. Heilbrigðisnefndin leggur áherslu á að sýnataka sé regluleg að lágmarki 6 sinnum á ári og oftár eftir aðstæðum.

Flokkunin felur í sér að rekstur Hrunalaugar er starfsleyfis skyldur samkvæmt reglugerðinni. Við útgáfu og eftirfylgni starfsleyfis skal m.a. taka mið af vatnsgæðum, sýnatöku, gestafjöldatakmörkunum, þrifum, öryggisráðstöfunum, upplýsingagjöf til gesta og viðbragðsáætlun vegna frávíka, þ.m.t. þegar vatnsrennsli minnkar eða laugin þornar upp.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að ljúka afgreiðslu málsins á grundvelli framangreindrar flokkunar og senda Umhverfis- og orkustofnun upplýsingar um flokkun og starfsleyfi í samræmi við reglugerðina.

5. Önnur mál

- a. Frumvarp Alþingis til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar og samræmingar leyfisferla á sviði umhverfi- og orkumála. 582. mál á 157. löggjafarþingi.**

Bókun

Fram komnar umsagnir við 582. mál sýna að veruleg óvissa ríkir um áhrif frumvarpsins á núverandi verkefni heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga. Þótt markmið um samræmingu og einföldun séu eðlileg, benda umsagnir fjölmargra fagaðila og sveitarfélaga til þess að fyrirhuguð tilfærsla verkefna til ríkisins sé ekki nægilega undirbúin og geti leitt til þjónusturofs, aukins flækjustigs, óljósrar ábyrgðar, hærri kostnaðar og taps á staðbundinni þekkingu.

Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga er mikilvæg nærþjónusta sem byggir á samþættri þekkingu á aðstæðum, rekstri, íbúum, umhverfi og innviðum hvers svæðis. Slíka þekkingu þarf að varðveita. Bókað er að málið verði ekki afgreitt óbreytt fyrr en fyrir liggur fullnægjandi greining á kostnaði, mannauði, verkaskiptingu, gjaldtökuheimildum og áhrifum á þjónustu, lýðheilsu og viðbragðsgetu. Jafnframt verði metið hvort markmiðum frumvarpsins verði betur náð með því að styrkja núverandi kerfi, samræmingu og boðvald ríkisins, fremur en að færa framkvæmd eftirlitsins frá sveitarfélögum.



Hér er tekið undir umsagnir sem birtar eru við 582. mál á Alþingisvef, þar á meðal frá Samtökum heilbrigðiseftirlitssvæða, Félagi heilbrigðisfulltrúa, Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur og Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Umsagnirnar leggja meðal annars áherslu á ófullnægjandi undirbúning, hættu á þjónusturofi, aukið flækjustig, tap staðbundinnar þekkingar og óljós kostnaðar- og ábyrgðaráhrif.

b. Frumvarp til Alþingis um Stofnun Atvinnuveganna – 568. mál á 157. löggjafarþingi.

Bókun

Heilbrigðisnefnd Suðurlands gerir alvarlegar athugasemdir við framkomið frumvarp um Stofnun atvinnuveganna, einkum þann þátt þess sem felur í sér að færa matvælaeftirlit frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til nýrrar ríkisstofnunar.

Af þeim umsögnum sem borist hafa Alþingi má ráða að verulegur hluti umsagnaraðila leggst gegn frumvarpinu í núverandi mynd. Andstaðan beinist sérstaklega að því að leggja niður eða veikja kerfi heilbrigðiseftirlits sem sveitarfélög hafa byggt upp um áratugaskeið. Í umsögnunum kemur skýrt fram að fyrirhuguð breyting er ekki aðeins stjórnsýsluleg tilfærsla heldur grundvallarbreyting á opinberu eftirlitskerfi landsins.

Engin gild rök hafa verið færð fyrir því að nauðsynlegt sé að taka matvælaeftirlit úr höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga. Athugasemdir ESA kalla fyrst og fremst á aukna samræmingu, skýrara boðvald, bætt verklag og sterkari yfirstjórn. Ekki niðurlagningu staðbundins eftirlits. Frumvarpið gengur því lengra en tilefni er til og felur í sér óþarfa áhættu og miðstýringu á kostnað nálægðar, þekkingar og þjónustu.

Heilbrigðiseftirlitin búa yfir sérþekkingu, staðbundinni reynslu og beinum tengslum við rekstraraðila, sveitarfélög, vatnsveitur og nærsamfélög. Sú þekking verður ekki flutt yfir í nýja ríkisstofnun með lagabreytingu einni saman. Verði frumvarpið óbreytt að lögum er hættu á að sérhæft starfsfólk tapist, eftirlit veikist tímabundið eða varanlega, ábyrgð verði óskýrari og þjónusta við íbúa og atvinnulíf versni.

Jafnframt er með öllu óviðunandi að leggja fram svo umfangsmikla kerfisbreytingu án fullnægjandi kostnaðargreiningar, mannauðsgreiningar, áhættumats og skýrrar framkvæmdaráætlunar. Ekki liggur fyrir hvernig tryggja á viðunandi þjónustu um land allt, hvernig koma á í veg fyrir tvíverknað, hvernig verja á sérþekkingu eða hvernig sveitarfélögum verði gert kleift að sinna áfram lögbundnum verkefnum á sviði hollustuhátta, mengunarvarna og umhverfisgæða.

Heilbrigðisnefnd Suðurlands telur að markmið um samræmt, faglegt og skilvirkt eftirlit sé réttmætt. Leiðin að því markmiði er hins vegar ekki að veikja eða afnema það kerfi sem fyrir er, heldur að styrkja það. Réttara væri að efla samræmingu, fjármagna stafræna innviði, skýra ábyrgð og boðvald og nýta þá þekkingu sem þegar er til staðar hjá heilbrigðiseftirlitum sveitarfélaga.

Af framangreindu leiðir að Heilbrigðisnefnd Suðurlands getur ekki tekið undir frumvarpið í núverandi mynd og skorar á Alþingi að vísa því frá, eða að öðrum kosti fresta málinu þar til



fram hefur farið heildstæð greining á áhrifum þess á stjórnsýslu, eftirlit, starfsfólk, sveitarfélög, atvinnulíf og lýðheilsu.

Stutt samantekt

Andstaðan er ekki gegn markmiðinu um **samræmt og skilvirkt eftirlit**. Flestar neikvæðu umsagnirnar segja í raun: *markmiðið er rétt, en leiðin er röng*. Þær vilja frekar styrkja núverandi kerfi, bæta boðvald, samræma verklag, fjármagna stafræna innviði og efla yfirumsjón MAST eða annarrar miðlægrar stjórnsýslu, án þess að taka matvælaeftirlitið úr höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga.

c. Fráveitumál við Þingvallavatn – staðan á Icwater

Heilbrigðiseftirlit Suðurlands (HSL), með Bláskógabyggð og Grímsnes- og Grafningshrepp sem bakhjarla, er einn af 22 aðilum sem standa að verkefni styrktu af Evrópusambandinu sem ber yfirskriftina LIFE ICEWATER. Verkefninu er ætlað að:

- Auka þekkingu á notkun, eiginleikum og ástandi vatns á Íslandi
- Tryggja fumlauða og samhæfða stjórnsýslu þegar kemur að vatnamálum
- Bæta vatnsgæði, til dæmis með úrbótum í fráveitu og hreinsun á fráveituvatni
- Fræða almenning og hagaðila um mikilvægi vatns

Heilbrigðisnefnd Suðurlands fundaði fyrr í dag með tveimur fulltrúum frá Umhverfis- og orkustofnun sem eru aðilar að ICEWATER þeim Sæmundi Sveinssyni og Höðveri Stefáni Þorgeirssyni, Fjólu St. Kristinsdóttur sveitarstjóra Grímsnes- og Grafningshrepps, Ástu Stefánsdóttur, sveitarstjóra Bláskógabyggðar, Nönnu Jónsdóttur framkvæmdastjóra UTU, og Margréti Rós Sigurjónsdóttur verkefnastjóra HSL í verkefninu. Niðurstaða fundarins er að verkefnið verði áfram vistað hjá Heilbrigðiseftirliti Suðurlands. Fram kom á fundinum að óvissa er um framtíð verkefnisins, nái áform ríkisstjórnarinnar fram að ganga, um að leggja niður heilbrigðiseftirlit sveitarfélaganna.

d. Óvissa um framtíð Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga

Heilbrigðisnefnd Suðurlands lýsir miklum áhyggjum af fyrirhuguðum lagabreytingum er varða framtíð heilbrigðiseftirlits. Það er á ábyrgð sveitarfélaga á Suðurlandi að halda úti starfsemi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fram að næstkomandi áramótum samkvæmt núgildandi lögum. Fyrirhugaðar lagabreytingar eiga að taka gildi 1. janúar 2027. Engar upplýsingar hafa enn fengist um hver áhrif verða hvað varðar kostnað og ábyrgð á fjölmörgum verkefnum þar á meðal ábyrgð á starfsfólki þessara stofnana. Fullkomin óvissa er um framtíð starfsmanna. Er tryggt að réttindi starfsfólks heilbrigðiseftirlitsins færast yfir til ríkisstofnananna ef af áformum um lagabreytingar verður? Það á við um réttindi sem þau hafa áunnið sér, m.a. til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest, samkvæmt viðeigandi kjarasamningi sem miðast við samfellt starf hjá sömu stofnun.

Sveitarfélögin eru sem vinnuveitendur ábyrg fyrir fjárhagslegum skuldbindingum heilbrigðiseftirlita, sem á ekki síst við um það sem snýr að starfsfólki, tímasetningu uppsagna og greiðslum á uppsagnarfresti, en einnig öðrum skuldbindingum s.s. lífeyrisskuldbindingum og leigusamningum á húsnæði.



Heilbrigðisnefnd Suðurlands

Austurvegi 65a
800 Selfoss
Sími: 480 8250

Að framangreindu ítrekar heilbrigðisnefnd áhyggjur sínar af framtíð starfsfólks heilbrigðiseftirlitisins og jafnframt af ófyrirséðum kostnaði sem mun lenda á aðildarsveitarfélögunum.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:20

Guðrún S. Magnúsdóttir

Páll Tómasson

Fjóla St. Kristinsdóttir

Kjartan Ólafsson

Örn Friðriksson

Oddur Árnason

Sigrún Guðmundsdóttir

